8. FUNDARGERÐ - AUKASTJÓRNARFUNDUR FÍN 2023-2024

18. SEPTEMBER 2023, KL. 11:15-12:45 – EINGÖNGU TEAMS FUNDUR

MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir, Benóný Jónsson, Björg Helgadóttir, Guðrún Nína Petersen, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Berglind Sigurðardóttir og Torfi Geir Hilmarsson boðuðu forföll.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:16

Dagskrá

1. **Fundargerð síðasta fundar**

   Afgreiðsla: Samþykkt.

2. **Erindi frá BHM vegna húsnæðismála**

   Afgreiðsla: Formanni falið að koma afstöðu stjórnar FÍN á framfæri til stjórnar og framkvæmdastjórnar BHM.

3. **Af aðalfundi BHM og komandi aukaaðalfundur BHM**

   MHH kynnti. Engin mál önnur en kjör varaformanns BHM eru á dagskrá. Þar sem aðeins einn er í framboði er varaformaður BHM sjálfkjörinn. MHH óskaði eftir hugmyndum stjórnarmanna FÍN um mögulega ályktun eða ályktanir sem hægt væri að koma á framfæri á fundinum. Undirbúningsfundur fyrir aukaaðalfundinn verður á morgun, 19. september, kl. 15:30.

4. **Undirbúningur starfsdags stjórnar FÍN**

   MHH fór yfir dagskrá starfsdags stjórnar FÍN og hvatti varaformenn samninganefnda til að funda um kröfugerðir. Óskað er eftir að stjórnarmenn staðfesti þátttöku sína.

5. Rekstraráætlun FÍN 1. og 2. ársfjórðungur 2023

MHH kynnti. Skv. áætlun var gert ráð fyrir að félagið skilaði fjögurra milljón króna tapi eftir 1. og 2. ársfjórðung en skv. rauntölum er félagið að skila 6 milljónum í hagnað á fyrri helmingi ársins.

Umræður.

Bent er á að áætlunin er gerð með verstu mögulegu útkomu í huga, t.d. að allir stjórnarmenn mæti alltaf á alla fundi, allir atvinnulausir myndu sækja um alla styrki o.s.frv.

6. Starfsreglur Vísindasjóðs FÍN

SSS kynnti. Hingað til hefur verið úthlutað úr sjóðnum tiltekinni upphæð á grundvelli umsókna. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að hluti sjóðfélaga fær minna úr sjóðnum en þeir greiða í hann og hluti fær greitt mun meira er þeir hafa lagt til hans. Lagt er til að breyta úthlutun þannig að styrkupphæð miðist við greidd iðgjöld viðkomandi vinnuveitanda sjóðfélaga í sjóðinn á tímabilinu. Ekki verður nauðsynlegt að sækja um styrkinn sérstaklega. Lagt er upp með að útgreiðslu verði lokið að jafnaði 15. desember ár hvert.

Stjórn Vísindasjóðs FÍN lagði til að stjórn FÍN samþykki nýjar verklagsreglur Vísindasjóðs FÍN.

Atkvæðagreiðsla. Samþykkir: 16
Á móti: 0
Sátu hjá: 0

Afgreiðsla: Tillagan samþykkt. Félagsmenn verða upplýstir um nýjar úthlutunarreglur sem fyrst.

7. Önnur mál

i. 6. október 2023 kl. 09:00-17:00 - Starfsdagur stjórnar FÍN – Aðeins staðfundur
ii. Aukafundur á Teams boðaður ef þörf er á

b) GNP óskaði eftir að MHH færi yfir stöðu sameiningarmála hjá Umhverfis,- loftslags- og orkuráðuneytinu. Niðurstaðan er að Veðurstofan og ÍSOR verða ekki með í fyrirhugaðri sameiningu stofnanna ráðuneytisins. Sameiningaráform hinna 9 stofnananna standa. Misjafnt er hvort starfsfólki verður sagt upp og það njóti forgangs í starfs á nýrri stofnun eða hvort um er að ræða samruna stofnana þar sem enginn missir vinnuna. Gæta þarf vel að því að réttindi starfsmanna, t.a.m. réttur til námsleyfis og orlofs, flytjist á milli stofnanna.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:46.